

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með síðari breytingum.

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 14. gr. eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 231/1984 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Heimilt er að semja um aðra sjálfsábyrgð tjóna, allt að tvöfalt hærri fyrir ábyrgðartjón og allt að fimmfalt hærri fyrir munatjón, enda verði tekið tillit til þess við ákvörðun iðgjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í janúarmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í janúarmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 8,3%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í desembermánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.